

Ed.

387. Frumvarp til laga

[184. mál]

um breyting á lögum um iðnfræðslu, nr. 68/1966.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson,
Stefán Jónsson.

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Iðnfræðsluskóla stjórnar 5 manna skólanefnd, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, fulltrúa nemenda þó aðeins til tveggja ára. Skulu tveir tilnefndir af sveitarstjórn þess sveitarfélags, sem skóli starfar í, og einn af fræðsluráði viðkomandi fræðsluumdæmis. Nemendur skólans kjósa einn fulltrúa í skólanefnd, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar og er hann jafnframt formaður.

Fulltrúar þeir, sem sveitarstjórn kýs í skólanefnd, skulu vera iðnlærðir eða með viðtækari verk- eða tæknimenntun.

2. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við stofnun iðnfræðsluskóla greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Til stofnkostnaðar skal, auk alls húsnæðis, telja kennslutæki, innanstokksmuni, áhöld, búnað og útgjöld þau, sem skilgreind eru í 5 gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Sveitarfélag, þar sem iðnfræðsluskóli rís, skal leggja til ókeypiss nauðsynlegar lóðir fyrir skólann.

3. gr.

Rekstrarkostnaður greiðist af ríki og sveitarfélagi því, sem iðnfræðsluskóli starfar í, á þann hátt sem hér greinir:

Sveitarfélagið greiðir allan kostnað við húsvörslu, ræstingu og lýsingu, en hitunarkostnað að því marki sem svarar meðalkostnaði við hitun skólahúsnæðis á

stöðum, sem búa við hitaveitu. Hitunarkostnaður umfram ofangreind mörk greiðist úr ríkissjóði, samkvæmt nánari reglum, sem ráðuneytið setur.

Allur annar rekstrarkostnaður, svo og viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar, skv. 2. gr., greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1., 6. og 7. gr. laga nr. 18/1971.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá grundvallarbreytingu á kostnaðarákvæðum gildandi laga um iðnfræðslu, að ríkissjóður greiði að fullu stofnkostnað iðnfræðsluskóla, hliðstætt því sem lög um menntaskóla — og raunar fleiri skóla á framhaldsskólastigi — kveða á um. Það er skoðun flm. að það ákvæði gildandi laga, að sveitarfélögin beri helming af stofnkostnaði við iðnfræðsluskóla, hafi um langt skeið verið stærsta hindrunin í vegi eðlilegrar þróunar verknámsskóla í landinu.

Að því er varðar rekstrarkostnað við iðnfræðsluskóla, er í frv. gert ráð fyrir þeirri breytingu, að einvörðungu það sveitarfélag, sem jafnframt er aðsetur skóla, beri nokkra fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans, þó aðeins að því marki, að ekki verði fjötur á eðlilegu skólastarfi. Hér er því aðeins gert ráð fyrir að sveitarfélagið kosti húsvörslu, ræstingu og lýsingu, svo og hitun að vissu marki. — Flutningsmenn telja að hið sama eigi að gilda um alla skóla á framhaldsskólastigi, einnig menntaskóla.

Þá er með frumvarpinu lagt til að gerðar verði, til einföldunar, nokkrar breytingar á kjöri skólanefnda, en reglur þar að lútandi hafa verið nokkuð á reiki. Áfram er þó gert ráð fyrir að heimamenn tilnefni meiri hluta fulltrúa í skólanefnd.

Á síðasta þingi gerði menntamálaráðherra grein fyrir störfum iðnfræðslulaganefndar, sem ráðuneytið skipaði hinn 15. febr. 1973 til að endurskoða iðnfræðslulögin, en nefndinni var jafnframt falið að skila frumvarpi til nýrra iðnfræðslulaga. Þar kom fram að nefndarstórfin hefðu dregist á langinn, en vonir stæðu þó til að unnt yrði að leggja nýtt frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi það sem nú situr.

Nefndin skilaði álit 19. des. s. l., en náði ekki samstöðu um tillögugerð eða frumvarp að nýjum iðnfræðslulögum. Ástæða er því til að ætla, að umrætt frumvarp verði ekki lagt fyrir þetta þing.

Þar sem svo illa hefur til tekist um undirbúning þessa þýðingarmikla máls, telja flutningsmenn að menntamálaráðuneytið verði að hafa forgöngu um endurskoðun iðnfræðslulaganna. Í þeim efnum er eðlilegt að höfð verði hliðsjón af þeim hugmyndum og ábendingum, sem fram komu í álitserðum meiri og minni hluta iðnfræðslulaganefndar og telja má að samrýmist þeirri grundvallarstefnu, að starfsemi allra skóla og námsbrauta á framhaldsskólastigi verði samræmd undir einni yfirstjórn.

Sú heildarendurskoðun iðnfræðslulaganna, sem hér um ræðir, þarf ekki — að álit flutningsmanna — að hindra að strax verði á grundvelli framangreindrar stefnumörkunar gerðar ýmsar breytingar á lögnum. Þar virðist brýnast að taka til endurskoðunar þau kostnaðarákvæði, sem eru meginefni þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að þrír fulltrúar af fimm séu „skipaðir eftir reglum, sem ráðherra setur samkv. tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, sem

aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis.“ Breytingin miðar að því að komið verði fastara skipan en verið hefur á tilnefningu fulltrúa í skólanefnd og er því lagt til að tilnefningaraðilar verði sveitarstjórn þess sveitarfélags, sem skóli starfar í, og fræðsluráð umdæmisins (sbr. 11. gr. laga um grunnskóla). Nemendur viðkomandi skóla kjósi áfram einn fulltrúa.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér veigamestu breytinguna frá gildandi lögum og skýrir sig raunar sjálf.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að horfið verði frá þeirri tilhögun að deila þeim rekstrarkostnaði, sem ríkissjóður ekki greiðir, á mörg sveitarfélög. Hinsvegar er talið eðlilegt að leggja nokkra fjárhagslega ábyrgð á það sveitarfélag sem aðsetur skóla tilheyrir, og binda hlut sveitarfélagsins við afmarkaða rekstrarþætti, húsvörslu, ræstingu, lýsingu og hitun. Um hitun er þó lagt til að gildi sú regla að hlutur sveitarfélagsins verði aldrei hærri en sem svarar meðalkostnaði við hitun skólahúsnæðis á hitaveituvæði, en ríkið taki á sig þann kostnað sem umfram kann að vera. Um þetta atriði verði settar sérstakar reglur.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.